

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 276/2024

2025/EES/25/25

frá 6. desember 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/859 frá 18. mars 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar flokkun efnisins natríumsalisýlats með tilliti til hámarksgildis leifa í matvælum úr dýraríkinu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/860 frá 18. mars 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið 17β-estradiól ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32024 R 0859:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/859 frá 18. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/859, 19.3.2024),
- **32024 R 0860:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/860 frá 18. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/860, 19.3.2024).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/859 og (ESB) 2024/860, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/859, 19.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/859/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/860, 19.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/860/oj

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.